

Eftirlit var haft með efnaleifum í búfé og búfjárafurðum skv. efnaleifaáætlun 2017. Efnaleifaáætlun byggir á reglugerð (IS) nr. 30/2012 og er sýnatökum dreift á umdæmi og sláturhús eftir framleiðslumagni og sláturtölum.

Skimað var fyrir vaxtarhvetjandi- og óleyfilegum efnum, sýklalyfjum og öðrum dýralyfjum (t.d. sníkla- og hníslalyfjum) auk annarra efna og aðskotaefna. Sýni voru tekin úr nautgripum, svínunum, sauðfé, hrossum, alifuglum, eldisfiskum, mjólk, eggjum, hreindýrum og varphænsna – og kjúklingaeldisfóðri.

Héraðsdýralæknar og eftirlitsdýralæknar sjá um nær allar sýnatökur. Sýni af vöðva, fitu, lifur, nýrum eða þvagi frá dýrum voru tekin við slátrun í nær öllum sláturhúsum landsins. Mjólkursýni voru tekin á kúabúum, en þar voru einnig tekin þvagsýni til að skima fyrir vaxtarhvetjandi- og óleyfilegum efnum úr nautgripum. Einnig var tekið þvagsýni á svínabúi til að skima fyrir vaxtarhvetjandi- og óleyfilegum efnum. Eggjasýni voru tekin á eggjabúum og eggjapökkunarstöðvum. Fóðursýni voru tekin á alifuglabúum til að skima fyrir hníslalyfjum, bæði á varphænsnabúum og kjúklingaeldisbúum. Sýni úr fiskeldi voru flest tekin við slátrun og vinnslu en nokkur sýni voru tekin á fyrri eldisstigum til að leita að vaxtarhvetjandi- og óleyfilegum efnum. Þá voru einnig tekin sýni af hreindýralifur.

Alls voru tekin 1.347 opinber sýni sem voru rannsökuð á viðurkenndum rannsóknastofum erlendis. Niðurstöður rannsókna eru skoðaðar og rýndar þegar þær berast. Niðurstöður ársins 2017 voru flestar undir greiningarmörkum þeirra aðferða sem viðurkenndar rannsóknastofur nota eða undir þeim viðmiðunarmörkum sem sett eru í reglugerðum. Þó voru 12 sýni sem gáfu niðurstöður sem urðu til þess að farið var í eftirfylgni, gögn um sýnin rýnd og ástæðu frávikanna leitað.

Sýni yfir hámarksgildum (MRL) voru eftirfarandi:

- Efnið thiouracil greindist í einu nautgripasýni. Leifar af thiouracil er að öllum líkindum hægt að rekja til fóðrunar á jurtum af krossblómaætt, t.d. grænkáli.
- 17  $\alpha$ -Nortestosterone greindist yfir hámarksgildi í tveimur kúasýnum (viðkomandi kýr voru með fangi) og í tveimur sauðfjársýnum (bæði sýnin voru úr hrútlömbum). Algengt er að gildi 17  $\alpha$ -Nortestosterone í þvagi hækki hjá kvendýrum sem eru með fangi. Einnig er það þekkt að efnið greinist í þvagi stóðhesta, galta og hrúta af ákveðnum tegundum.
- Kadmín greindist yfir hámarksgildi í öllum sjö hrossasýnunum (nýru). Þungmálmur hafa hingað til verið mældir í vöðvum og hafa öll gildi verið undir hámarksgildum. En árið 2017 voru þungmálmur mældir í nýrum nokkurra dýrategunda, þ.m.t. hrossa. Kadmín safnast mest upp í nýrum en einnig lifur og lítið eitt í vöðvum. Hrossanýru eru að jafnaði ekki notuð til mannelis héraðs og er það ekki ráðlagt.
- Skimað var fyrir hníslalyfinu Monensin-Na í fóðri ætluðu eldiskjúklingum undir lok eldistíma. Tekin voru tíu sýni en vegna mistaka við sýnatöku voru niðurstöður rannsókna á aðeins fjórum þeirra marktækar.

Efnaflokkur	Búfjartegund/ búfjartegund:	Nautgripir	Svín	Sauðfé	Hross	Alifuglar	Fiskeldi	Mjólk	Egg	Hreindýr	Ófullnægjandi	Heildarfjöldi:
	<b>Fjöldi Sýna:</b>	<b>92</b>	<b>38</b>	<b>305</b>	<b>52</b>	<b>201</b>	<b>150</b>	<b>300</b>	<b>205</b>	<b>4</b>	<b>12</b>	<b>1347</b>
	<b>Efni</b>											<b>Rannsóknastofur</b>
<b>A Vaxtarstýriefni og óleyfileg efni</b>		<b>56</b>	<b>15</b>	<b>60</b>	<b>6</b>	<b>95</b>	<b>50</b>	<b>40</b>	<b>50</b>		<b>5</b>	
A1	Stilben	10	3	10	1	18	10				0	SLV/FVST
A2	Efni með skjaldkirtilsheftandi virkni	8	2	8							1	SLV
A3	Sterar	10	3	10	1	18	10				4	SLV/FVST
A4	Resorcyclicsýrulaktón og seranól	10	3	10	1	18	10				0	SLV/FVST
A5	Beta-örvar	10	2	10	2	16					0	SLV
A6	Klóramfenikól og nitrófurán	8	2	12	1	25	20	40	50		0	SLV/FVST
<b>B Dýralyf og mengunarefni</b>		<b>36</b>	<b>23</b>	<b>245</b>	<b>46</b>	<b>106</b>	<b>100</b>	<b>260</b>	<b>155</b>	<b>4</b>	<b>7</b>	
B1 Sýkladrepandi efni	Sýklalyf	15	11	95	6	30	35	140	50		0	SLV/FVST
B2 Önnur dýralyf		17	8	109	24	59	20	75	65		0	SLV
B2a	Sníklalyf	3		69	6	8	20	30			0	SLV/FVST
B2b	Hníslalyf	1	1	10		41			60		0	SLV/LUFA
B2c	Karbamat og píretróíð	1	1	5	4	5			5		0	SLV
B2d	Róandi lyf	2	2	10	6						0	SLV
B2e	Bólgueyðandi lyf (NSAIDs)	5	4	15	8	5		45			0	SLV
B2f	Barksterar	5									0	SLV
B3 Önnur efni og aðskotaefni		4	4	41	16	17	45	45	40	4	7	
B3a	Lífræn klórsambönd	1		7	5	4	10	10	10		0	Eurofins
B3b	Lífræn fosfórsambönd	1	1	5	4	5		5			0	SLV
B3c	Kemísk frumefni: Pb, Cd,					4			30	4	0	SLV
	Pb, Cd, Hg, As	1	1	24	7		15	20			7	SLV
B3d	Sveppaeitur	1	2	5		4	10	10			0	SLV/FVST
B3e	Litarefni						10				0	FVST
B3f	Önnur efni											

Rannsóknastofur: SLV = Livsmedelsverket, Svíþjóð; FVST = Födearestyrelsen, Danmörku; Eurofins = Eurofins, Svíþjóð; LUFA = LUFA, Þýskalandi